

Landskeppni Smalahundafélags Íslands

Dagana 6.-7. sept sl. var haldin landskeppni Smalahundafélags Íslands á Daðastöðum í Þingeyjasýslu.

Snæfellsdeild Smalahundafélagsins fjölmennti norður og var ferðin í allastaði hin ánægjulegasta. Hundarnir í ferðinni stóðu sig frábærlega en keppt var bæði í unghunda/ byrjendaflokki í 150 m braut, og í opnum flokki í 400 m braut.

Úrslit í unghundakeppninni, Snotra og Eggert Kjartansson Hofsstöðum urðu í fyrsta sæti, Týr og Ragnar Jóhannsson Kverná í öðru sæti og Orka og Þóra Kópsdóttir Ystu - Görðum í því þriðja.

Opni flokkurinn; Tígull og Þorvarður Ingimarsson Eyrarlandi í fyrsta sæti, Skessa og Svanur Guðmundsson Dalsmynni í öðru sæti og Vaskur og Svanur Guðmundsson Dalsmynni í því þriðja. Aðrir kepp-



endur í þessum flokki voru Skotta og Valgeir Magnússon Kirkjufelli, Tinna og Gísli Þórðarson Mýrdal og Kristbjörn Steinarsson Hraunsmúla með þau Dögg og Flóka.

Haldinn var, sömu helgi, aðalfundur Smalahundafélags Íslands þar sem m.a. var formlega opnaður vefur félagsins en slóðin er : sfi.vefurinn.is

Starfsemi Snæfellsdeildar hef-

ur verið töluverð í vor og sumar, Gunnar Einarsson var með námskeið í júní sem var vel sótt. Á þremur stöðum á svæðinu voru kindur í hólfum þar sem menn gátu komið með hunda og æft þá. Æfingamót var haldið að Hofsstöðum í ágúst. Ákveðið hefur verið að deildin haldi opna smalahundakeppni að Hraunsmúla laugardaginn 25. október, vonumst við eftir góðri þátttöku.